

145. fundur

Fundur var haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Stykkishólmsbæjar mánudaginn 9. janúar 2012, kl. 20:00 , á 3. hæð ráðhússins, Hafnargötu 3.

Mætt voru: Hermundur Pálsson, Lára Gunnarsdóttir, Alexander Helgason, Ásgeir Gunnar Jónsson og Katrín Gísladóttir. Auk þess sátu fundinn Þorbergur Bæringsson slökkviliðsstjóri og Bjarnfríður Vilhjálmsson skipulags- og byggingafulltrúi sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

Dagskrá.

Alexander vék af fundi við lið nr. 1.

1. Ægisgata 1, niðurrif og uppbygging á lóð.
Lagt fram bréf frá Guðbrandi Björgvinsyni vegna synjunar á niðurrifi og uppbyggingu á lóðinni við Ægisgötu nr. 1, dags. 6.12.2011. Bréfi vísað af bæjarstjórn til skipulags- og byggingarnefndar.
-Erindi frestað.
2. Reitarvegur 4, fyrirspurn um endurnýjun, og stækkun á húsi.
Guðmundur Kr. Jónsson og Hróbjartur Árnason sækja um að a) Hækka og breyta þakformi hússins. b) Endurbyggja og stækka núverandi viðbyggingu við norðurhlíð c) Reisa viðbyggingu við vesturhlíð hússins fyrir anddyri og geymslu sbr. tillöguteikningar frá Jon Nordstein, dags. 20.11.2011.
-Tekið er jákvætt í erindið. Umsögn Húsafriðunarnefndar þarf að liggja fyrir áður en samþykki er veitt.
3. Nesvegur 9, beiðni um stækkun á lóð.
Birgir Jónsson og Sigurður Birgisson sækja um að lóðarstækkun á lóð við Nesveg nr. 9, sbr. afstöðumynd og bréf mótt. 22.08.2011.
-Þar sem að ekki er til deiliskipulag af svæðinu leggur nefndin til að veita lóðarhöfum tímabundinn afnotarétt af landi sem nemur frá lóðarmörkum og að fyrirhugaðri gangstétt við Nesveg.
4. Hafnarsvæði ,Stykkisbyggja, stöðuleyfi.
Ocean safari/ Þorgeir Kristófersson og Magnús Örn Tómasson sækja um stöðuleyfi fyrir gáma, klædda að utan með bárujárn og tengdir saman með léttari byggingu og einhalla þaki, sbr. bréf móttekið dags. 4.01.2012.
-Nefndin leggur til að veita tímabundið stöðuleyfi fyrir staðsetningu á tveimur gámum. Staðsetning og fágangur verði í samráði við hafnarnefnd. Nefndin leggur einnig til að haldið verði áfram með deiliskipulagsvinnu á hafnarsvæðinu.

Ásgeir Gunnar vék af fundi kl. 21:35.

5. Önnur mál.
-5.a. Rætt var um ásýnd gamla apóteksins.

Fundi slitið kl. 21:50. B.V.

